

## Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 24. október 2022 kl. 8:10

Mættir: Hrafn Sölvi, Anton, Eymar, Sædís, Arna Rún, Beníta, Mattías, Andrés og Rakel Ösp

- Farið yfir síðustu fundargerð og athugasemdir gerðar:
  1. Peysumátun og pantanir fyrir þá sem það vilja á foreldraviðtalsdegi 27. október v/fjáröflunar fyrir fyrirhugaða utanlandsferð 9. og 10. bekkjar. Eigum von á mátunareintökum frá fyrirtækinu Bros en ákveðið að óska einnig eftir tilboðum frá Smáprent. Skólastjóri fer í málið.
  2. Sparkvöllurinn, stöðugt verið að hnippa í fyrirtækið sem tók verkið að sér en þeir hafa ekki enn náð að mæta.
  3. Samþykkt að byrja á hugmynd Mattíasar og fá Mána til aðstoðar varðandi lausn fyrir hljóðkerfið.
  4. Skólastjóri búið að senda fyrirspurn varðandi klakavél, svar hefur ekki borist.
  5. Hleðslusnúrum hefur verið fjölgað í unglíngadeild en það eru ekki réttu snúrurnar, vantar fyrir eldri iPadana. Skólastjóri fer í málið.
  6. Fleiri stólar komnir inn í félagsrýmið og búið að setja upp klukku. Enn á eftir að laga gula gluggann en það mál er í ferli.
  7. Unglíngadeild Heiðarskóla og Félagsmiðstöðin halda hrekkjavökuball í Heiðarskóla 3. nóvember í samstarfi við Heiðarskóla. Unglíngum í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla boðið.
  8. Fulltrúar unglínga í Nemendafélaginu hafa ekki áhuga á að fara á skólatíma í heimsókn í Brekkubæjarskóla. Fulltrúar beðnir um að athuga áhuga annarra nemenda. Ekkert heyrst frá Brekkubæjarskóla varðandi málið.
  9. Vinnuskólanemendur óska eftir því að fá að þjálfa yngri flokka á Akranesi í Vinnuskólanum næsta sumar – fulltrúum bent á að ræða þetta við Frístundafulltrúa Hvalfjarðarsveitar. Skólastjóri upplýsir einnig frístundafulltrúa um óskir nemenda.
  10. Útiklukkan ekki enn komin upp, málið er í ferli.
- Sparkvöllur: Reglur fyrir sparkvöllinn ræddar og ákveðið að hver námshópur eigi réttinn á ákveðnum tímum. Nemendum úr öðrum námshópum sé þó heimilt að spyrja hvort þeir megi vera með og þá ræður sá námshópur sem á réttinn hverju sinni hvort það sé leyft eða ekki. Nokkrum nemendum á yngsta stigi boðið í umræðuna og samþykkt af Nemendafélaginu og fulltrúum yngsta stigs að prófa þetta fram að næsta fundi og taka þá söðuna aftur.
- Önnur mál:
  - Miðstig þarf að mæta á réttum tíma í hádegismat kl. 12:10, eru stundum of snemma á ferðinni og unglíngar sem ætla að fá sér aftur á diskinn lenda í röð.
  - Nemendur óska eftir að fá að hafa bakariissölu einu sinni í viku. Skólastjóri skoðar málið og sendir umræðuna á Foreldrafélag Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.
  - Umræður um Ga Ga leiktæki á skólalóðina og breiðari rólur.
  - Beiðni um að fá sérsniðna svampdýnu í gula gluggann í félagsrýminu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:40